

Fundur í náttúruverndarnefnd Þingeyinga 10.10.2016

Fundargerð nr. 3-2016

Mættir: Þorkell Lindberg (formaður), Gréta Bergrún. Ásvaldur Ævar komst ekki til fundar og varamaður hans var talinn vanhæfur í öllum þessum málum vegna starfa sinna í sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Fundarstaður: Þekkingarsetur Þingeyinga

Fundur settur kl. 14.00

1. Bréf frá 112 vegna athugasemda nefndarinnar við virkjun Svartár við Vaðöldu

Formanni nefndar barst bréf frá Þórhalli Ólafssyni framkvæmdarstjóra Neyðarlínunnar, sem sent var skipulags og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps. Bréfið innihélt svör við umsögn náttúruverndarnefndar Þingeyinga dags. 20.9.2016 um virkjun við Vaðöldu. Innihald bréfsins rætt og formanni falið að koma athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps vegna þessa.

2. Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2013: Sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða í Mývatnssveit

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps óskaði þann 2.9.2016 eftir umsögn nefndarinnar um breytingar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps er varða nýtt svæði fyrir sorpflokkunarstöð. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 14.10.2016. Umræður um málið. Nefndin fagnar því að horft sé til aukins rými fyrir flokkun og endurvinnslu, enda eru slíkar ráðstafanir nauðsynlegar í nútímasamfélagi. Staðsetning á nýrri sorpstöð rædd en hún er við verndarlínu Mývatns, sem og við þjóðveg 1. Umsögn rituð og formanni falið að senda hana til skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps.

3. Áningarstaður við Vikraborgir í Öskju.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps óskaði þann 6.10.2016 eftir umsögn nefndarinnar um tillögu að deiliskipulagi vegna uppbyggingar á áningarstað í Vikraborgum við Öskju. Athugasemdafrestur er til og með 16.11.2016. Fjallað um málið. Nefndin gerir ekki athugasemdir en leggur áherslu á að vandað sé til verka við uppbyggingu eins og lagt er upp með í deiliskipulagstillögu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:45